

Skólaráð Hörðuvallaskóla

1. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 25. ágúst 2016

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Anna D. Hermannsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fundatími og kjörtímabil fulltrúa

Farið yfir starfshætti í skólaráði. Fulltrúar eru kjörnir til tveggja ára. Fulltrúar starfsmanna eru að hefja sitt annað ár, Linda fulltrúi foreldra er að hefja sitt fyrsta ár og Heiðar sitt annað ár. Marta er fulltrúi grenndarsamfélagsins sem formaður Foreldrafélags. Vinnuregla er að allavega annar fulltrúi foreldra sitji í stjórn Foreldrafélags. Stefnt verður að mánaðarlegum fundum að jafnaði þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 16:00. Skólastjóri boðar til fundar með dagskrá með viku fyrirvara.

2. Stundaskrár – skipulag – nemendafjöldi o.fl.

Þórunn fór yfir málin varðandi stundaskrár ársins og útskýrði ýmsa þætti. Töluvert púsl er að koma fyrir sundi, íþróttum og list- og verkgreinum. Tímarammi er óbreyttur frá fyrra ári. List og verkgreinar komnar inn í kjarna á unglíngastiginu en það er gert til að mæta ákvæðum aðalnámskrár varðandi tímafjölda í verk- og listgreinum í 8.-10. b. Skoða þarf aðrar útfærslur á þessu fyrir næsta ár. Rætt um hvort sundkennsla nái lágmarksviðmiðum varðandi tímafjölda, að meðaltali er það svo. Fylgd er með 1. og 2. bekk alfarið í íþróttir og sund en eftir þörfum þegar ofar dregur í aldri. Við skólasetningu þetta haustið eru 872 nemendur í skólanum.

3. Húsnæðismál

Farið yfir stöðu húsnæðismála skólans. Nokkrar þrengingar nú þegar hvað húsnæði varðar en dagljóst að frá og með hausti 2017 verður skólinn enn á ný alveg búinn að sprengja það utan af sér. Þar fyrir utan eru þrengingar nú þegar með t.d. aðstöðu fyrir dægradvöl svo vel sé. Fyrirhuguð eru fundarhöld með skólayfirvöldum bæjarins og umhverfisviði vegna framtíðarhúsnæðismála skólans. Tökum þetta mál aftur til umræðu á næsta fundi skólaráðs.

4. Innkaup námsgagna

Rætt um fyrirkomulag á innkaupum námsgagna. Hávær umræða um þessi mál í haust. Nokkuð sláandi að innkaupalistar í Hörðuvallaskóla breyttust lítt milli ára þrátt fyrir tilkomu spjaldtölva. Foreldrar hafa áhuga á að skólinn standi fyrir magninnkaupum og skólastjóri er jákvæður fyrir því. Tökum málið aftur til umræðu meðal kennara og á fundi skólaráðs í marsmánuði og ákvörðun um fyrirkomulag í framhaldi af því.

5. Skólaboðun – fyrirkomulag

Fyrirkomulag skólaboðunar tekið til umræðu. Fulltrúar foreldra upplifa mikla ánægju með fyrirkomulagið og telja það til þess fallið að ná foreldrum inn í skólann í byrjun skólaárs og efla tengsl heimila og skóla.

6. Námskynningar

Námskynningar verða með hefðbundnu sniði í september. Foreldrafélagið tekur þátt í námskynningunum, veitir viðurkenningar fyrir foreldrarölt o.fl. Umræður um fyrirkomulag á tilnefningu bekkjarfulltrúa.

7. Starfsáætlun skólans

Vinna við starfsáætlun skólaársins er vægast sagt skammt á veg komin en stendur til bóta. Stefnt að því að fulltrúar í skólaráði fái starfsáætlun senda til yfirlstrar fyrir næsta fund.

8. Önnur mál

Umræður um afþreyingarmöguleika unglingsstigsins í frímínútum.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 22. september kl. 16:00